**Hafnarfjarðarbær**
**Ráðhúsi Hafnarfjarðar**
**Strandgötu 6**
**B/t Íþrótta- og tómstundanefndar**

Hafnarfirði, 22. maí 2013.

**Varðar: Rekstrarstyrk til Golfklúbbsins Setbergs fyrir árið 2013.**

Golfklúbburinn Setberg (hér eftir „GSE") var stofnaður 1994 og hefur verið aðili að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar síðan 1995. GSE hefur s.l. ár fengið rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ. Annars vegar hafa þrjú ungmenni sem hafa starfað á vellinum fengið laun frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar fyrir hluta af þeirra vinnu yfir sumarið og hins vegar hefur verið um fjárframlag að fjárhæð kr. 150.000 að ræða.

GSE er með öflugt unglingastarf á vellinum í samstarfi við US Kids golfskólann og er styrkurinn stór hluti af því að geta haldið því starfi áfram.

Framangreindur styrkur hefur verið mikilvægur fyrir rekstur GSE og er hér með óskað eftir sama styrk fyrir árið 2013.

Virðingarfyllst,
F.h. Golfklúbbsins Setbergs:

Högni Friðþjófsson formaður